



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

Borgarráð Reykjavíkur

Dagur B. Eggertsson
Ráðhús Reykjavíkur
Tjarnargata 11
101 Reykjavík

Kópavogi, 5. mars 2021
210210 PBG/JKÁ

Efni: Sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins: Tilnefning í ráðgjafahóp um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið

Á 519. fundi stjórnar Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu (SSH), inn 1. febrúar 2021 sl., var samþykkt tillaga að áhersluverkefnum sóknaráætlunar höfuðborgarsvæðisins fyrir árið 2021 og SSH falið að hefja undirbúning og framkvæmd þeirra. Nánari umfjöllun um sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2020 – 2024 er aðgengileg hér: <https://www.ssh.is/soknaraaetlun>

Eitt áhersluverkefna er mótun samstarfs og skipulag um *áfangastaða- og markaðsstofu* fyrir allt höfuðborgarsvæðið með þátttöku stjórnvalda, sveitarfélaga, atvinnulífsins og annarra hagaðila. Verkefnið hefur það að markmiði að efla samstarf sveitarfélaga og atvinnulífs um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu.

Óskað er eftir tilnefningum í ráðgjafahóp um verkefnið sem í munu sitja fulltrúar allra sveitarfélaganna ásamt fulltrúum frá ferðaþjónustunni og verslun og þjónustu.

Í fyrsta áfanga verður unnið með hópnum að því að móta og greina hvernig samstarfinu skuli verða háttað um ferðamál á höfuðborgarsvæðinu og síðan verða teknar ákvarðanir um formið. Í framhaldinu verður farið í kynningu á verkefninu. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki á vormánuðum og þá taki við næsti áfangi verkefnisins en áætlað er að ný áfangastaðastofa hefji störf um mitt ár. Inga Hlín Pálsdóttir hefur verið ráðin sem ráðgjafi hjá SSH til þess að halda utan um verkefnið.

SSH óskar því eftir tilnefningum í „ráðgjafahóp um áfangastaða- og markaðsstofu fyrir höfuðborgarsvæðið“. Óskað er eftir einum aðila frá hverju sveitarfélagi, sem æskilegt er að sé með þekkingu, áhuga eða reynslu af ferðamálum, og hlutverk til þess að fylgja verkefninu eftir innan síns sveitarfélags.

Fyrsti fundur hópsins er áætlaður 24. mars kl. 11.30 - 13.00 hjá Samtökum sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu í Hamraborg 9.

Þess er óskað að tilnefningar berist eigi síðar en miðvikudaginn 17. mars nk., og skulu þær berast á netfangið ssh@ssh.is með cc. á Ingu Hlín ingahlin@outlook.com.

Virðingarfyllst,

Páll Björgvin Guðmundsson
framkvæmdastjóri SSH